

Efnisyfirlit

Dagskrá aðalfundar Félags náms- og starfsráðgjafa	2
Stjórn FNS s.l. starfsár	2
Stjórnarfundir	3
Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári:	3
1. Áskorun námsstefnu FNS í apríl 2006.....	4
2. Dagur náms- og starfsráðgjafar	5
3. 25 ára afmælishátíð FNS.....	5
4. Afmælisrit	6
5. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa	6
6. Sí- og endurmenntun félagsmanna	6
7. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar	8
8. Siðareglur náms- og starfsráðgjafa – starfshópur	10
9. Kjara- og hagsmunamál	10
10. Félagatal og félagsaðild FNS.....	11
11. Samstarf við Heimili og skóla	12
12. Fjárreiður og félagsgjöld FNS	12
13. Styrkir til FNS	12
14. Norrænt samstarf	13
15. Starfshópur um náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum.....	14
16. Þingsályktunartillaga um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum	14
17. Umsagnir um námsefni	15
18. Beiðnir Alþings um umsagnir um frumvörp til laga.....	15
19. Kynningar á námi í framhaldsskólum	16
20. FNS - norðan heiða	17
21. Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar	17
22. Önnur verkefni.....	17
23. Útrás Félags náms- og starfsráðgjafa	21
Lokaorð	23

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 26. apríl 2007

Dagskrá aðalfundar er skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur félagsins.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.
4. Lagabreytingar.
5. Nefndastörf.
6. Umræður og afgreiðsla mála.
7. Kosning stjórnar, varastjórnar og fræðslunefndar.
8. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
9. Önnur mál.

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn í Tæknigarði við Dunhaga 24. apríl 2006. Á fundinum gaf formaður félagsins Jónína Kárdal ekki kost á sér til endurkjörs auk tveggja stjórnarmanna.

Ágústa Elín Ingbórsdóttir, Borgarholtsskóla, var kjörin formaður FNS. Guðrún Kristinsdóttir gaf kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Ketill G. Jósefsson, Guðrún Þ. Björnsdóttir og Berglind Helga Sigurþórsdóttir voru kjörin í stað Ágústu E. Ingbórsdóttur, Gunnlaugar Hartmannsdóttur og Eyrúnar Valsdóttur.

Stjórn FNS var þannig skipuð s.l. starfsár:

Ágústa Elín Ingbórsdóttir, formaður
Guðrún Kristinsdóttir, Ártúnsskóla, varaformaður
Ketill G. Jósefsson, Vinnumálastofnun á Suðurnesjum, meðstjórnandi
Guðrún Þ. Björnsdóttir, umboðsmanni barna, ritari
Berglind Helga Sigurþórsdóttir, Verzlunarskóla Íslands, gjaldkeri

Agnes Ósk Snorradóttir, Fjölbrautaskóla Suðurlands og Heimir Haraldsson, Háskóla Íslands gáfu kost á sér til endurkjörs í varastjórn.

Valgeir B. Magnússon, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og Ingibjörg Bragadóttir, Foldaskóla gáfu kost á sér áfram til setu í fræðslunefnd. Hrafnhildur Jósefsdóttir, Flensborgarskólanum steig úr nefndinni á vori 2006 og var Guðrún Björg Karlsdóttir, Laugalækjarskóla kölluð til starfa í stað hennar. Ásdís Birgisdóttir, Verkmenntaskólanum á Akureyri og Inga Jóna Þórsdóttir, Iðnskólanum í Hafnarfirði gáfu auk þess kost á sér í fræðslunefnd.

Endurskoðendur höfðu ekki staðið við gerða samninga og var því ákveðið að leita hagstæðra tilboða við endurskoðun og gjaldkera falið að sjá um þau mál. Endurskoðandi var kosinn Kristinn Freyr Kristinsson og til vara Björg Birgisdóttir og Guðmundur Páll Ásgeirsson.

Úr stjórn gengu Jónína Kárdal, Gunnlaug Hartmannsdóttir og Eyrún Valsdóttir. Úr fræðslunefnd gekk Hrafnhildur Jósefsdóttir á vori 2006. Eru þeim færðar hugheilar þakkir fyrir að taka að sér forystuhlutverk fyrir FNS og vinna öflugt og óeigingjarnt starf í þágu félagsins og fagstéttarinnar. Framlag þeirra og reynsla þeirra hefur svo sannarlega haft áhrif innan félagsins.

Arnar Þorsteinsson, Ölduselsskóla og Toby S. Herman, Menntaskólanum í Reykjavík gáfu kost á sér áfram til setu í siðanefnd. Ágústa E. Ingbórsdóttir tók við sæti Jónínu Kárdal í nefndinni og Helga Eysteinsdóttir, náms- og starfsráðgjafi hjá Hringisjá tók við sæti Eddu Bjarkar Viðarsdóttur, náms- og starfsráðgjafa hjá Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins sem fór í barnsburðarleyfi.

Sigríður Bílddal, Holtaskóla, Arnar Þorsteinsson, Ölduselsskóla, Ragnheiður Bóasdóttir, Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Björg Kristjánsdóttir, Menntaskólanum við Hamrahlíð, Anna Sigurðardóttir, Kennaraháskóla Íslands, Eyrún B. Valsdóttir, Alþýðusambandi Íslands, Guðrún Stella Gissurardóttir, Vinnumálastofnun á Vestfjörðum og Ketill G. Jósefsson, Vinnumálastofnun á Suðurnesjum gáfu kost á sér í kjaranefnd félagsins.

Guðrún Þorbjörg Björnsdóttir, umboðsmanni barna, Fríður Reynisdóttir, Borgaskóla, Kristjana Katrín Þorgrímsdóttir, Hjallaskóla, Berglind Helga Sigurþórsdóttir, Verslunarskóla Íslands, Elísabet Vala Guðmundsdóttir, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Herdís Zophoníasdóttir, Menntaskólanum á Akureyri, Heimir Haraldsson, Háskóla Íslands, Arnfríður Ólafsdóttir, Háskóla Íslands, Erla Hrönn Vilhjálmisdóttir, Viðskiptaháskólanum á Bifröst, Ketill G. Jósefsson, Vinnumálastofnun á Suðurnesjum, Ásta Kr. Ragnarsdóttir, Nema ehf. og Klara Öfjörð Sigfúsdóttir, Vinnumálastofnun Suðurlands gáfu kost á sér í fagråd fyrir skólastigin þrjú og atvinnulífið.

Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skipti hún með sér verkum á eftirfarandi hátt; Guðrún Kristinsdóttir, varaformaður, Ketill G. Jósefsson, meðstjórnandi, Berglind Helga Sigurþórsdóttir, gjaldkeri og Guðrún Þ. Björnsdóttir, ritari. Agnes Ósk Snorrardóttir í varastjórn tók að sér að halda utan um félagatal FNS í samstarfi við gjaldkera. Heimir Haraldsson í varastjórn tók við því verkefni í lok árs 2006. Stjórnin hélt 10 stjórnarfundir á liðnu starfsári auk þess sem meðlimir stjórnar og fræðslunefndar funduðu þess á milli um ýmis aðkallandi verkefni. Fræðslunefnd og varastjórn voru boðuð á alla stjórnarfundir. Stjórn, varastjórn og fræðslunefnd var virk í því að nota rafræna miðla til að koma upplýsingum sín á milli.

Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári voru:

1. Áskorun námsstefnu FNS í apríl
2. Dagur náms- og starfsráðgjafar
3. 25 ára afmælishátíð FNS
4. Afmælisrit
5. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa
6. Sí- og endurmenntun félagsmanna
 - a. Vettvangsnám fyrir náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum
 - b. Leonardo mannaskiptaáætlun
7. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar
8. Siðareglur fyrir náms- og starfsráðgjafa (starfshópur)
9. Kjara- og hagsmunamál
10. Félagatal og félagsaðild FNS
11. Samstarf við Heimili og skóla
12. Fjárreiður og félagsgjöld FNS
13. Styrkir til FNS
14. Norrænt samstarf
15. Starfshópur um náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum
16. Þingsályktunartillaga um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum
17. Umsagnir um námsefni
18. Beiðnir Alþings um umsagnir um frumvörp til laga
19. Kynningar á námi í framhaldsskólum
20. FNS - norðan heiða
21. Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar
 - a. Akademia
 - b. Stuðningur
22. Önnur verkefni
23. Útrás
 - a. Vika símenntunar
 - b. Greinar í Morgunblaðinu:

Efling náms- og starfsráðgjafar á Íslandi og
Menntun, mannauður og náms- og starfsráðgjöf
Höfundar: Ágústa E. Ingþórsdóttir og Jónína Kárdal

- c. Útvarpsviðtal við Gunnlaugu Hartmannsdóttur
- d. Viðtal Morgunblaðsins við formann FNS
- e. Útvarpsviðtal við Dr. Mark Savickas
- f. Viðtal Morgunblaðsins við Dr. Mark Savickas
- g. Útvarpsviðtal við formann FNS
- h. Með S-ið í Strong - Grein í Skólavörðunni, mál gagni KÍ
Viðtal við formann FNS

Félagsmenn FNS hafa tekið þátt í ýmsum nefndum og starfshópum fyrir hönd félagsins. Það er ljóst að það skiptir afar miklu máli að FNS eigi fulltrúa í neðangreindum nefndum. Með því er hægt að tryggja að rödd fagstéttarinnar heyrst og að hagsmunum félagsmanna og ráðþega þeirra sé komið á framfæri. Eftirfarandi félagsmönnum eru færðar þakkir fyrir þeirra störf:

1. Björg Kristjánsdóttir, MH, í skólamálanefnd FF
2. Ragnheiður Bóasdóttir, FÁ, í kjaranefnd FF
3. Toby S. Herman, MR, í sjúkrasjóði KÍ
4. Ágústa E. Ingþórsdóttir, formaður FNS, fulltrúi FNS í nefnd Landlæknis-embættisins um varnir gegn sjálfsvígum.
5. Þórdís Guðmundsdóttir, FÁ, fulltrúi FNS í starfshópi um málefni innflytjenda og framhaldsskólans.
6. Ágústa E. Ingþórsdóttir, formaður FNS, í starfshópi um Europass (stöðluð menntunar- og starfshæfnimappa) og Euroguidance (Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar). Europass og Euroguidance eru rekin af Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands.
7. Fulltrúar FNS í Norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa eru:
Anna Sigurðardóttir, Kennaraháskóla Íslands og Gunnlaug Hartmannsdóttir.
Skýrsla Önnu og Gunnlaugar um norrænt samstarf er hluti ársskýrslu FNS.

Hér fylgir umfjöllun um meginviðfangsefni stjórnar FNS og þess sem hæst bar á liðnu starfsári.

1. Áskorun námsstefnu FNS í apríl 2006

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á námsstefnunni á Akureyri þann 28. apríl 2006 og send til menntamálaráðuneytisins, Kennarasambands Íslands og til fjölmiðla:

Náms- og starfsráðgjafar merkja sívaxandi þörf innan menntakerfisins og í atvinnulífinu fyrir náms- og starfsráðgjöf, þjónustu sem ætti að vera sjálfsögð og aðgengileg öllum í nútímaþjóðfélagi. Í því samhengi er vert að benda á að nauðsynlegt er að tryggja aðgang allra að náms- og starfsráðgjöf, frá skóla til atvinnulífs, frá bernsku til fullorðinsára.

Tryggja þarf að fagmenntaðir náms- og starfsráðgjafar sinni störfum í skólum og í atvinnulífi enda tryggir það gæði þjónustunnar. Við endurskoðun grunnskólalaga þarf að líta til þess að náms- og starfsráðgjafar eru ekki tilgreindir meðal starfslíðs skóla.

Fagmennska og færni náms- og starfsráðgjafa byggir á sérhæfðri menntun þeirra. Starf þeirra felst m.a. í því að efla færni og víkka sjónvildarhorning ráðþega með tilliti til náms og starfs. Ráðþegar verða þannig betur í stakk búnir til að taka upplýstar ákvarðanir um framtíð sína sem byggja á áhugasviðum þeirra, gildum og viðhorfum og öðlast færni í að leita upplýsinga um nám og störf.

Það er mat Félags náms- og starfsráðgjafa að auka verði markvissa náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu innan skólastiganna þriggja og úti á vinnumarkaðnum. Aðgengi að upplýsingum um þróun vinnumarkaðar og framtíðarhorfur samhliða upplýsingum um framboð menntunar er einn af grunnþáttum í náms- og starfsvali einstaklinga. Í þessu samhengi er vert að benda á þrjár þingsályktunartillögur sem hafa verið lagðar fram á Alþingi í vetur. Í fyrsta lagi þingsályktunartillögu um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum. Í öðru lagi þings-

ályktunartillögu um fullorðinsfræðslu og í þriðja lagi þingsályktunartillögu um mat á framtíðarhorfum og mannaflaþörf í atvinnugreinum.

Mikilvægt er að efla samstarf atvinnulífs, sveitastjórna, mennta- og félagsmálayfirvalda og heimilanna. Það er mat námsstefnu Félags náms- og starfsráðgjafa að með sameiginlegri sýn, skilningi og aðgerðum þessara aðila megi auka sýnileg tengsl menntunar, færni og starfa. Efling náms- og starfsráðgjafar skiptir hér sköpum og tryggir samkeppnishæfni íslensks þjóðfélags.

Það er von okkar að sá kraftur sem ríkti á námsstefnunni skili sér áfram í umræðu um færni og fagmennsku meðal náms- og starfsráðgjafa.

Með þessari ályktun var stigið mikilvægt skref í þá átt að auka sýnileika náms- og starfsráðgjafa, að rödd Félags náms- og starfsráðgjafa hljómi hærra og atriði nefnd sem hafa mikið vægi fyrir nemendur allra skólastiga og einstaklinga íslensks þjóðfélags.

2. Dagur náms- og starfsráðgjafar

Félag náms- og starfsráðgjafa hélt upp á í fyrsta skipti á Íslandi dag náms- og starfsráðgjafar þann 20. október. Tilgangur þessa dags var að vekja athygli landsmanna á þeirri þjónustu sem náms- og starfsráðgjafar veita og kynna strauða og stefnur í þessari fræðigrein.

Dagskráin var fjölbreytt. Fyrir hádegi kynntu náms- og starfsráðgjafar sem starfa vítt og breitt í þjóðfélaginu starf sitt sem nær bæði til skólakerfisins og atvinnulífsins. Hver kynning átti sér stað innan þess vettvangs sem viðkomandi náms- og starfsráðgjafi starfar. Eftir hádegi var haldið málþing í Norræna húsinu í Reykjavík þar sem flutt voru erindi sem tengjast náms- og starfsráðgjöf. Yfirskrift málþingsins var: „Náms- og starfsráðgjöf fyrir alla”. Aðalfyrirlesari var Mark Savickas sem er bandarískur fræðimaður á sviði náms- og starfsráðgjafar (career development) og fremstur á meðal jafningja. Savickas er eftirsóttur fyrirlesari og það var mikill heiður fyrir samfélag náms- og starfsráðgjafa á Íslandi að fá hann í heimsókn. Var FNS í samstarfi við meistaranám í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands varðandi heimsókn Savickas. Er náminu hér með þakkað fyrir þann góða og mikilsverða stuðning. Framámenn í menntakerfinu og atvinnulífinu heiðruðu einnig samkomuna.

Veitt var sérstök viðurkenning fyrir störf í þágu náms- og starfsráðgjafar og áður óskað eftir skriflegum tilnefningum frá félagsmönnum. Dr. Guðbjörgu Vilhjálmisdóttur var veitt þessi fyrsta viðurkenning fyrir störf í þágu náms- og starfsráðgjafar.

Stjórn FNS ásamt fagráðum á skólastigunum þremur (grunn-, framhalds- og háskóla-) og í atvinnulífinu unnu að undirbúningi þessa dags. Náms- og starfsráðgjafar merkja sívaxandi þörf innan menntakerfisins og í atvinnulífinu fyrir náms- og starfsráðgjöf, þjónustu sem ætti að vera sjálfsögð og aðgengileg öllum í nútímaþjóðfélagi. Tryggja þarf aðgang allra að náms- og starfsráðgjöf, frá skóla til atvinnulífs, frá bernsku til fullorðinsára. Það er von stjórnar FNS að dagur náms- og starfsráðgjafar hafi orðið til þess að stuðla að þeirri vitundarvakningu.

3. 25 ára afmælishátíð FNS

Félag náms- og starfsráðgjafa fagnaði aldarfjórðungsafræðisafmæli sínu 16. desember 2006. Af því tilefni var haldin afmælishátíð 15. desember í Tónlistarhúsinu Ými, Reykjavík. Veislustjóri var Ketill G. Jósefsson, náms- og starfsráðgjafi. Erindi fluttu Ágústa E. Ingþórsdóttir, formaður FNS, Áslaug H. Jónsdóttir, ráðgjafi menntamálaráðherra, f.h. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra, Magnús Stefánsson, félagsmálaráðherra, dr. Gerður G. Óskarsdóttir, fyrrverandi sviðsstjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar, dr. Sif Einarsdóttir, dósent HÍ, dr. Jón Torfi Jónasson, prófessor HÍ, Fjóla María Lárusdóttir, náms- og starfsráðgjafi, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Guðrún Snorraddóttir, verkefnisstjóri, Ungmennafélagi Íslands og Svandís Ingimundardóttir, fyrrverandi formaður.

Auk þess las Guðbergur Bergsson, skáld, upp erindi í tilefni dagsins og Jóna Fanney Svavarsdóttir, sópran, Erlendur Þór Elvarsson, tenór og Vilhelmína Ólafsdóttir, píanóleikari fluttu tónlistaratriði.

Á afmælishátíðinni voru þrjár einstaklingar heiðraðir með þeim hætti að gera þá að heiðursfélögum. Þessir þrjú einstaklingar hafa lagt fram drjúgan skerf til þróunar náms- og starfsráðgjafar hér á landi.

Fyrst ber þar að telja Ástu Kr. Ragnarsdóttur sem var fyrsti sérmenntaði námsráðgjafi á Íslandi og byggði upp frá grunni stærstu námsráðgjafarstarfsemi landsins, Námsráðgjöf Háskóla Íslands. Þetta brautryðjendastarf Ástu lagði mikilvægan grunn að því sem á eftir fór í þessu fagi. Hún hefur unnið samfleytt í 25 ár í faginu og hefur á síðustu árum sinnt merku nýsköpunarstarfi varðandi námslag og áhugasviðsgreiningar.

Í annan stað heiðraði félagið dr. Gerði G. Óskarsdóttur sem varð fyrst Íslendinga til þess að ljúka mastersnámi í námsráðgjöf, kenndi fyrstu námskeiðin í námsráðgjöf við Háskóla Íslands, stýrði fyrsta átaki menntamálaráðuneytisins í námsráðgjöf, gaf út starfslýsingar til notkunar í náms- og starfsráðgjöf, ásamt því að skipuleggja stóraukna námsráðgjöf í grunnskólum Reykjavíkur.

Þriðji heiðursfélaginn dr. Carol H. Pazandak, bandarískur prófessor, á sviði sálfræðiráðgjafar og náms- og starfsráðgjafar, við Háskólann í Minnesota var fengin af Háskóla Íslands til að koma hingað á vормisseri 1984 og fjalla um námsráðgjöf og kenna. Hún beitti sér m.a. fyrir þýðingu fyrstu áhugasviðsprófanna á íslensku og var hvatamaður að gerð annarra hjálpargagna í náms- og starfsráðgjöf. Æ síðan hefur Carol verið mikill stuðningsmaður náms- og starfsráðgjafar hér á landi. Ásta Kristrún, Carol og Gerður unnu saman fyrstu tillögur að fyrirkomulagi náms í náms- og starfsráðgjöf hér á landi.

Í lok dagskrár var boðið upp á léttar veitingar við undirleik tónlistartríós.

4. Afmælisrit

Stjórn FNS tók þá ákvörðun að gefa út afmælisrit í tilefni þessara merku tímamóta sem 25 ára afmæli félagsins var. Stefnt var að því að efni ritsins endurspegladi starfsvettvang náms- og starfsráðgjafa sem starfa í grunnskólum, framhaldsskólum, háskólum og í atvinnulífinu. Má þar nefna foreldrasamstarf, evrópsk samstarfsverkefni, náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, brautryðjendastörf, miðlun evrópskrar viddar í náms- og starfsráðgjöf, samstarf við Samtök atvinnulífsins, vettvangsnám í grunn- og framhaldsskólum, vinnumiðlanir á Íslandi, kynjasjónarmið í náms- og starfsráðgjöf, nemendaráðgjöf, ráðgjöf á vinnustöðum og fræðslustofnunum, þróun áhugasviðskannana, hópráðgjöf og fleira.

Ritnefnd afmælisritsins skipuðu Ásdís Birgisdóttir Verkmenntaskólanum á Akureyri, Guðrún Björg Karlsdóttir, Laugalækjaskóla, Ólöf Helga Þór, Fjölbautaskólanum í Breiðholti og Valgeir Magnússon, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.

5. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa

Stjórn FNS hefur áfram lagt höfuðáherslu á þá kröfu félagsins að lögvernda beri starfsheiti náms- og starfsráðgjafa og unnið að því að veita þessu framfaramáli brautargengi. Á haustdögum funduðu fulltrúar stjórnar FNS með Eiríki Jónssyni, formanni Kennarasambands Íslands og hefur hann verið FNS góður liðsmaður í því að kynna þetta mál. Fulltrúar stjórnar FNS áttu einnig fundi með fulltrúum menntamálaráðuneytisins vegna lögverndunar á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa. Á þessum fundum ítrekaði stjórn FNS þau rök sem mæla með lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa. Erindi FNS var vel tekið en engin skýr svör liggja fyrir um næstu skref. Því skiptir áfram mjög miklu máli að fylgja kröfunni eftir og fá fleiri til fylgis innan stjórnkerfis menntamála og sveitastjórna. Það er mikilvægt varðandi ferli lögverndunar að stjórn og félagsmenn FNS vinni því fylgi með því að kynna markvisst þetta framfaramál sem lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa er.

6. Sí- og endurmenntun félagsmanna

Ýmis tækifæri hafa boðist Félagi náms- og starfsráðgjafa auk fræðslufunda til að auka sí- og endurmenntunartækifæri félagsmanna. Samkvæmt lögum FNS er eitt af hlutverkum félagsins að

stuðla að endurmenntun félagsmanna. Það er mikilvægt fyrir hvern og einn félagsmann að vera vakandi fyrir sí- og endurmenntunarbörf sinni, miðla þekkingu og færni og stuðla þannig að eflingu fagvitundar og fagmennsku innan fagstéttarinnar. Hér verða gerð skil á þeirri sí- og endurmenntun sem hefur verið og mun verða í boði fyrir félagsmenn:

a. Vettvangsnám fyrir náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum.

Í vetur hefur staðið yfir vettvangsnám fyrir náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Þetta er samstarfsverkefni FNS, Menntamálaráðuneytisins og Kennarasambands Íslands. Ingveldur Sveinbjörnsdóttir, náms- og starfsráðgjafi við Kvennaskólann í Reykjavík, tók að sér fyrir hönd FNS að hafa umsjón með vettvangsnámi. Helstu markmið vettvangsnámsins eru:

- Að efla þátttakendur í starfi sem sérfræðinga í náms- og starfsráðgjöf.
- Að þátttakendur miðli af reynslu sinni og þekkingu og læri af öðrum.
- Að fjalla um nýja strauða í náms- og starfsráðgjöf og skoða áhrifaríkar aðferðir í náms- og starfsráðgjöf
- Að þátttakendur geti útfært í starfi þær ráðgjafar- og starfsaðferðir sem fjallað verður um og fylgt þeim eftir á starfsvettvangi.

Vettvangsnámið hefur verið skipulagt sem fjórar námslotur og sú fyrsta hófst síðastliðið haust og þeirri fjórðu og síðustu lauk nú í mars. Þrjátíu og sjö náms- og starfsráðgjafar hófu vettvangsnámið í haust og þrjátíu og tveir luku því nú í vor. Hægt er að skoða samantektir úr námslotunum á vefsíðu FNS – www.fns.is. Mikil ánægja hefur verið með vettvangsnámið og færir Félag náms- og starfsráðgjafa Ingveldi Sveinbjörnsdóttur bestu þakkir fyrir að taka að sér þetta verkefni.

Stjórn FNS sótti um styrki í Endurmenntunarsjóð grunnskóla og til Menntamálaráðuneytisins til að geta boðið félagsmönnum er starfa á grunnskólastigi upp á endurmenntun í náms- og starfsráðgjöf sambærilega þeirri sem að náms- og starfsráðgjöfum bauðst í framhaldsskólanum í gegnum vettvangsnámið. Það er ánægja að segja frá því að FNS hlaut styrki sem stóðu að fullu undir endurmenntunarnámskeiðinu sem bar heitið: „Efling náms- og starfsráðgjafar á grunnskólastigi – fagmennska, starfshættir og verklag.“

Miklar breytingar á íslenska skólakerfinu hafa staðið fyrir dyrum s.s. stytting framhaldsskólanáms til stúdentsprófs ásamt endurskoðun á námskrám. Menntamálaráðuneytið hefur í þessu breytingaferli lagt áherslu á eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum og er endurmenntun náms- og starfsráðgjafa mikilvæg leið til að ná henni fram.

FNS hefur boðið upp á metnaðarfulla fræðsludagskrá fyrir alla félagsmenn ásamt árlegri námsstefnu en hlutverk félagsins er m.a.:

- að efla náms- og starfsráðgjöf og stuðla að fullri viðurkenningu hennar sem sérhæfðrar starfsgreinar,
- að stuðla að sí- og endurmenntun félagsmanna og
- að efla rannsóknir á sviði náms- og starfsráðgjafar.

Það er mat stjórnar FNS að með heildstæðu endurmenntunarnámskeiði fyrir náms- og starfsráðgjafa á grunnskólastigi er verið að mæta þörfum grunnskólans sérstaklega. Styrkir úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla og frá Menntamálaráðuneytinu gerðu félaginu kleift að standa fyrir slíku námskeiði og stuðla þannig að aukinni fagmennsku og færni náms- og starfsráðgjafa á grunnskólastigi en tækifæri til að taka þátt í heildstæðu endurmenntunarnámskeiði eru ekki mörg. Þessar styrkveitingar eru ákveðin viðurkenning á þörf grunnskólans fyrir þjónustu og fagþekkingu náms- og starfsráðgjafa og fagnar stjórn FNS þessu innilega og þakkar Menntamálaráðuneytinu og Kennarasambandi Íslands fyrir veittan stuðning.

b. Leonardo mannaskiptaáætlun

Stjórn FNS sótti um árið 2005 styrk til mannaskipta á vegum Landsskrifstofu Leonardó. Með mannaskiptaverkefnum gefst tækifæri til að koma á tengslum við kollega erlendis og góð umræða getur skapast sem að skilar sér svo heim til Íslands. FNS hlaut jákvæðar viðtökur og var úthlutað styrk að upphæð 8.480 evrum fyrir átta náms- og starfsráðgjafa í kynnisferðir til nokkurra

Evrópulanda. Meginmarkmið mannskiptaverkefnisins er að koma á samskiptum við evrópska náms- og starfsráðgjafa og miðla upplýsingum um náms- og starfsráðgjöf til ólíkra ráðþegahópa og auka fagmennsku íslenskra náms- og starfsráðgjafa.

Samstarfslönd verkefnisins eru Spánn, Þýskaland, England og Noregur og hafa félagsmenn farið í þessar ferðir og notið góðs af. Ferðunum verða gerð skil með máli og myndum í gegnum vefsíðu FNS. FNS bauðst nú á vordögum að senda fleiri náms- og starfsráðgjafa utan og er undirbúningur þeirra ferða í gangi. Verkefninu lýkur 31. maí 2007 og hefur Jónína Kárdal haft umsjón með því.

7. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar

a. Hugmyndir fagráða um dag náms- og starfsráðgjafar

Fyrsti fræðslufundur vetrarins var haldinn þann 19. september í Tæknigarði. Fundurinn hófst á ávarpi frá formanni félagsins, Ágústu Ingbórsdóttur. Kynnti hún fræðsludagskrá vetrarins og dag náms- og starfsráðgjafar sem haldinn var hátíðlegur þann 20. október. Einnig kynnti hún hugmyndir fagráðs á háskólastigi um dag náms- og starfsráðgjafar. Því næst kynntu Berglind Helga Sigþórsdóttir náms- og starfsráðgjafi í Verslunarskóla Íslands og Elísabet Vala Guðmundsdóttir náms- og starfsráðgjafi í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti hugmyndir þeirra um útfærslur á framhaldsskólastiginu. Fríður Reynisdóttir náms- og starfsráðgjafi í Borgaskóla og Guðrún Björnsdóttir ráðgjafi hjá umboðsmanni barna kynntu útfærslur á grunnskólastigi. Einnig kynntu fulltrúar atvinnulífsins Ásta Kr. Ragnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi hjá Nema ehf. og Klara Öfjörð Sigfúsdóttir, náms- og starfsráðgjafi hjá Vinnumálastofnun Suðurlands hugmyndir sínar. Ýmsar góðar hugmyndir komu fram sem kynntar voru nánar fyrir félagsmönnum í gegnum póstlistann.

b. Greining á starfi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Reykjavíkur

Annar fræðslufundur félagsins var haldinn þriðjudaginn 14. nóvember í Tæknigarði. Sigurbjörg Helgadóttir frá Menntasviði Reykjavíkur kynnti niðurstöður könnunar á störfum náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum í Reykjavík. Könnunin „Greining á starfi: Náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum Reykjavíkur” var gerð í samstarfi við Guðbjörgu Vilhjálmisdóttur, lektor og var birt á vef Menntasviðs Reykjavíkurborgar í desember 2006. Nálgast má könnunina í heild sinni á eftirfarandi vefslóð:

http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/utgafur/grunnskolar/kannanirogski mar/n_msr_dgjafar-lokaskyrsla.pdf.

c. Sjónarhóll - ráðgjafarmiðstöð fyrir foreldra barna með sérþarfir

Þriðji fræðslufundur FNS var haldinn mánudaginn 15. janúar þar sem starfssemi Sjónarhóls var kynnt. Fundurinn fór fram í húsakynnum Sjónarhóls að Háaleitisbraut 11-13. Að Sjónarhóli - ráðgjafarmiðstöð standa samtök sem láta sig hag langveikra og fatlaðra barna varða. Þessi samtök eru: ADHD samtökin, Landssamtökin Proskahjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum.

d. Europass – Samstarf FNS og Heimilis og skóla

Fjórði fræðslufundur FNS var haldinn í Tæknigarði fimmtudaginn 15. febrúar. Dagskrá fundarins var tvíþætt, annars vegar kynning Dóru Stefánsdóttur frá Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar á Europass og hins vegar kynning á viljayfirlýsingu um samstarf á milli FNS og Heimilis og skóla. Dóra kynnti Europass verkefnið sem er safnheiti yfir staðlaða menntunar- og starfshæfnimöppu. Meginmarkmið með nýjum Europass er að auðvelda gegnsæi menntunar og starfsreynslu, bæði heima og að heiman. Europass er einnig ætlað að auðvelda samhæfingu prófskírteina og viðurkenninga og þar með að auðvelda samanburð menntunar og reynslu yfir landamæri Evrópu. Vonast er til að frumkvæðið verði til þess að auka hreyfanleika fólks á milli landa, bæði vegna menntunar og atvinnu. Einstaklingum gefst færi á að safna 5 skírteinum í möppuna: evrópski ferilskrá, mati og viðurkenningu á starfsmenntun, viðauka við prófskírteini, starfsmenntavegabréfi og tungumálavegabréfi. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðunni europass.is.

Ágústa E. Ingbórsdóttir formaður FNS, Björk Einisdóttir framkvæmdastjóri Heimilis og skóla og Elín Thorarensen fráfarandi framkvæmdastjóri Heimilis og skóla kynntu viljayfirlýsingu um samstarf milli FNS og Heimilis og skóla. Rætt var um mikilvægi foreldrasamstarfs og jákvæð áhrif þess á skólastarf. Rannsakendur hafa sýnt fram á að foreldrasamstarf stuðlar m.a. að betri líðan nemenda, auknu sjálfstrausti, betri námsárangri og minna brottfalli úr skóla. Félagsmenn höfðu áður fengið afrit af viljayfirlýsingu í gegnum póst FNS. Í lokin fór fram almenn umræða um foreldrasamstarf og viljayfirlýsinguna. Skrifað var undir viljayfirlýsinguna um samstarf FNS og Heimilis og skóla þann 27. mars.

e. Samkynhneigð

Fimmti fræðslufundur FNS var haldinn fimmtudaginn 15. mars í Tæknigarði. Þar hélt Guðmundur Páll Ásgeirsson, námsstjóri í Iðnskólanum í Reykjavík, fræðsluerindi um samkynhneigð og náms- og starfsráðgjöf. Eftir því sem fordómar í garð samkynhneigðra eru meiri er það erfiðara og sársaukafyllra að horfast í augu við og sættast við að vera samkynhneigður og taka stöðu samkynhneigðs einstaklings í samfélaginu. Jafnvel á tímum minnkandi fordóma felur þetta í sér endurskilgreiningu á sjálfum sér og framtíðinni sem er mikið þroskaverkefni. Fyrirlesturinn fjallaði um þetta ferli og mikilvægi þess að náms- og starfsráðgjafar þekktu það vel svo þeir geti veitt samkynhneigðum og tvíkynhneigðum ungmennum ráðgjöf við hæfi.

f. Rannsóknir í náms- og starfsráðgjöf

Í maí 2007 er áætlað að hafa fræðslufund þar sem kynntar verða rannsóknir í náms- og starfsráðgjöf og hvað helst er í deiglu hér á landi á fræðasviðinu.

g. Námsstefna FNS 2007

Námsstefna FNS verður haldin í Reykjanesbæ 20. október 2007, á degi náms- og starfsráðgjafar. Yfirskrift námsstefnunnar er „Breytingamáttur náms- og starfsráðgjafar“. Í boði verða fyrirlestrar og námskeið.

h. Aðrir fundir

Mánudaginn 22. janúar kynnti Sigrún Ágústsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Réttarholtsskóla nýtt forrit sem vinnur úr tengslakönnunum - SAGOS tengslaggreining. Tengslakannanir eru ákveðið tæki til að kanna félagatengsl í bekk/námshópi. Þær sýna á skýran hátt hver félagastaða nemenda er, hverjir eru vel settir félagslega og hverjir eru félagslega einangraðir. Einnig nýtast þær þegar verið er að skipuleggja hópvinnu, hverjir eru saman í herbergi á ferðalögum o.fl.

Föstudaginn 26. janúar bauð Rafiðnaðarsamband Íslands náms- og starfsráðgjöfum í heimsókn og kynnti margmiðlunardisk, þar sem kynntar eru rafiðngreinar ásamt kynningu á skólum sem kenna viðkomandi fög. Björn Ágúst Sigurjónsson og Anna Vala Eyjólfsdóttir höfðu umsjón með kynningunni.

Þriðjudaginn 13. mars bauð Fjöltækniskóli Íslandi náms- og starfsráðgjöfum í heimsókn og kynnti starfsemi sína. Það var skólameistarinn, Jón B. Stefánsson ásamt Hauki Gunnarssyni sem tók á móti hópnum. Var farið í skoðunarferð um húsakynni skólans og skoðaður fjölbreyttur tækjabúnaður sem notaður er við kennslu. Lögð var áhersla á að kynna nýjar námsleiðir sem eru í boði við skólann.

i. Vefsíða FNS

Valgeir B. Magnússon hefur haft umsjón með vefsíðu FNS í vetur. Hann hefur verið ötull við að setja inn fréttir. Á vefsíðunni er einnig að finna samantektir á fræðslufundum vetrarins ásamt ítarefni frá vettvangsnámi náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum. Þegar fréttir vetrarins eru skoðaðar er ljóst að mikil starfsemi hefur verið í gangi, þörf og öflug umræða ásamt því að vefsíðan kynnir Félag náms- og starfsráðgjafa út á við. Vefsíðan er því öflugur miðill sem áfram þarf að byggja upp og styrkja.

8. Siðareglur náms- og starfsráðgjafa – starfshópur

Á aðalfundi 2006 voru drög að siðareglum FNS lögð fram og voru þau samþykkt með þeim fyrirvara að Siðfræðistofnun Háskóla Íslands tæki þau til umfjöllunar. Í vetur hefur verkefni siðanefndar FNS falist í því fundi með fulltrúum Siðfræðistofnunar sem hefur unnið að ráðgjöf á þessu sviði og aðstoðað bæði fagstéttir, stofnanir og fyrirtæki við samningu siðareglna. Átti starfshópurinn fundi með Salvöru Nordal og Jóni Kalmanssyni hjá Siðfræðistofnun sem fóru yfir þau drög sem siðanefnd FNS hafði unnið að og kom með skýrar tillögur um breytingar. Til grundvallar lágu einnig siðareglur sambærilegra erlendra náms- og starfsráðgjafarféлага t.d. American Counseling Association, National Career Development Association og American School Counselor Association.

Eins og segir í inngangi þeirra siðareglna sem verða kynntar á aðalfundi 2007 og bornar til atkvæða þá er siðareglum Félags náms- og starfsráðgjafa ætlað að efla fagvitund náms- og starfsráðgjafa og stuðla að fagmennsku í starfi með hagsmuni ráðþega í fyrirrúmi. Tilgangur þeirra er að vísa náms- og starfsráðgjöfum leið í starfi, veita almenningi upplýsingar um vinnubrögð og fagmennsku náms- og starfsráðgjafa og vera undirstaða sjálfsmats innan faghópsins.

Það er von siðanefndar FNS að siðareglur þessar verði Félagi náms- og starfsráðgjafa vegvísir í starfi og efli fagstéttina til enn betri verka.

9. Kjara- og hagsmunamál

Fulltrúar FNS:

a. Félag grunnskóla

Í vetur hefur enginn fulltrúi FNS setið sem fulltrúi hjá Félagi grunnskóla. Það er ljóst, eins og fyrr er getið hér í ársskýrslu, hversu mikilvægt er að eiga fulltrúa innan allra aðildarfélaga Kennarasambands Íslands.

b. Frá Björgu Kristjánsdóttur og Ragnheiði Bóasdóttur - Félagi framhaldsskóla

Björg Kristjánsdóttir í MH og Ragnheiður Bóasdóttir í FÁ hafa setið í samninganefnd FF fyrir hönd náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Fundir hafa verið haldnir u.þ.b. mánaðarlega í samninganefnd FF. Málefni náms- og starfsráðgjafa hafa ekki verið sérstaklega á dagskrá heldur hefur umræðan snúist almennt um upptöku hins nýja launakerfis 1. maí 2006.

FNS gerði kjarakönnun í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í apríl 2007. Í framhaldsskólum munu niðurstöður úr þeirri könnun verða notaðar til að styðja náms- og starfsráðgjafa í að sækja betri laun í hinu nýja launakerfi. Einsýnt er að náms- og starfsráðgjafar þurfa að snúa bókum saman og sækja fram í samningum við sína stofnun, svo halda megi í við féлага okkar í BHM, sem einnig eru í slíku launaumhverfi.

c. Frá Björgu Kristjánsdóttur náms- og starfsráðgjafa MH - skólamálanefnd FF

Frá síðasta aðalfundi náms- og starfsráðgjafa hafa 10 skref til sóknar enn verið ofarlega á döfinni í umræðum skólamálanefndarinnar. Drög að nýjum framhaldsskólalögum hafa verið lögð fyrir nefndina. Farið hefur verið yfir tillögur starfshóps um fjölbreytileika og sveigjanleika í skipulagi náms- og námsframboðs í stað skerðingar náms þar sem kemur fram tillögur um starfsnám, almenna námsbraut, framhaldsskóla, náms- og starfsráðgjöf og fjar- og dreifnám. Starfshópurinn leggur áherslu á jafngildingu bóknáms og starfsnáms og fjölbreytilegri lokapróf úr framhaldsskóla en nú er. Þessi sami starfshópur leggur áherslu á að megintillögur starfshóps um náms- og starfsráðgjöf verði útfærðar í lögum og aðalnámsskrá grunn- og framhaldsskóla. Þar kemur meðal annars fram að kveðið verði á um eitt stöðugildi náms- og starfsráðgjafa á hverja 300 nemendur í grunn- og framhaldsskólum.

Niðurstaða liggur ekki enn fyrir í ofangreindum málum en það er öruggt að efling náms- og starfsráðgjafa í sveigjanlegum og breyttum framhaldsskóla verður æ mikilvægari þáttur í framhaldsskólum landsins.

d. Frá Guðrúnu Stellu Gissurardóttur – Útgarði, félagi háskólamanna

Guðrún Stella situr í samstarfsnefnd vegna kjarasamninga. Sérstakur stofnanasamningur er í gildi frá 2006 sem gerður var í samfloti við BHM féлага. Í samningunum voru laun ráðgjafa hjá þjónustustofnunum Vinnumálastofnunar færð nær því sem gerist í skólakerfinu en ráðgjafi sem hefur 120 eininga nám úr háskóla (Grunnám + diplomapróf í náms- og starfsráðgjöf) grunnraðast nú að lágmarki í lfl. 7. Starfssumhverfi náms- og starfsráðgjafa sem eru í Útgarði er þó oft ólíkt þeirra náms- og starfsráðgjafa sem starfa í skólakerfinu. Þeir vinna oft við erfiðar aðstæður sem að lýsa sér m.a. í því að vinnusvæði þeirra eru stór landssvæði og þurfa þeir að ferðast mikið á milli staða á landsbyggðinni. Oft búa þessir staðir við lágt þjónustustig sem gerir það að verkum að þeir þurfa að grípa inn í ýmis verkefni sem þeir gætu vísað frá sér til annarra sérfræðinga á höfuðborgarsvæðinu. Sterk krafa er hjá náms- og starfsráðgjöfum á landsbyggðinni um að fá greidda dagpeninga en það náðist ekki inn í síðustu samningum. Unnið var að starfslýsingu náms- og starfsráðgjafa hjá Vinnumálastofnun fyrir nágildandi samninga og verksvið þeirra því skýrara en áður. Lögverndunarmál hafa lítið verið í umræðu hjá félögum í Útgarði, meiri áhersla hefur verið lögð á faglegt starf enda starfsráðgjöf í þessari mynd tiltölulega ný af nálinni og mikill tími sem hefur farið í að safna saman þekkingu og útbúa efni sem unnt er að nota í ráðgjöfinni. Áherslan á ráðgjöf hefur aukist jafnt og þétt hjá þjónustumiðstöðum Vinnumálastofnunar og tíðni samskipta ráðgjafa og ráðþega hefur aukist verulega sem skilar meiri árangri en hefur jafnframt aukið álag í för með sér. Nú eru samningarnir frá 2006 í endurskoðun eins og kjarasamningur gerði ráð fyrir og reynslan af þessu ári sem liðið er frá stofnanasamningi metin út frá ýmsum þáttum. Guðrún Stella hefur jafnframt sent athugasemdir til félagsmálaráðuneytis vegna ákvörðunar fjölskyldu- og styrktarsjóðs BHM um breytingar á fæðingarorlofi ríkisstarfsmanna en frá 1. júní 2007 verður um verulega lækkan á greiðslum að ræða þar sem sjóðurinn greiðir ekki lengur mismun á launum og greiðslum fæðingarorlofssjóðs til móður eins og var þar sem sjóðurinn er nær uppurinn vegna breytinga á viðmiðunartímabili o.fl. í kjölfar þess að fedraorlofi var komið á. Þar með hafa áunnin réttindi kvenna í opinberri þjónustu til fullra launa í fæðingarorlofi verið skert verulega með tilkomu fedraorlofs.

e. Könnun meðal náms- og starfsráðgjafa um menntun og kjör

Stjórn FNS réðst í samstarfi við Félagsvísindastofnun HÍ í að gera könnun um menntun og kjör náms- og starfsráðgjafa í FNS. Í könnuninni verður spurt um kjör félagsmanna eins og þau voru samkvæmt launaseðli 1. apríl (eða síðasta launaseðli). Könnunin er unnin af Rögnu Benediktu Garðarsdóttur og Ágústu Eddu Björnsdóttur verkefnisstjórum hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Könnunin hlaut leyfi Persónuverndar og er farið með öll gögn samkvæmt fyrirmælum hennar. Fullkominnar nafnleyndar er gætt við úrvinnslu könnunarinnar. Nafn félagsmanna kemur hvergi fram og ekki verður hægt að rekja neinar upplýsingar til einstaklinga. Megin markmið könnunarinnar er að kanna kjör og menntun félagsmanna. Það er hagsmunamál okkar allra að niðurstöður könnunarinnar endurspegli raunveruleg launakjör stéttarinnar. Verða niðurstöður könnunarinnar kynntar á aðalfundi 2007.

10. Félagatal og félagsaðild FNS

Í vetur hafa Agnes Ósk Snorradóttir og Heimir Haraldsson, sem sitja í varastjórn FNS, haft umsjón með félagatali FNS. Skráðir félagar í FNS eru nú 253 talsins. Þrjátíu nýir félagar gengu í félagið á árinu en fimm hafa skráð sig úr félaginu. Áfram er stefnt að því að uppfæra félagatalið þannig að hægt verði að kortleggja sérþekkingu og færni félagsmanna. Markmiðið með slíkri kortlagningu er að varpa enn betur ljósi á fagþekkingu félagsmanna og að auðvelda stjórn að leita til félagsmanna þegar þörf er á frekari upplýsingum varðandi málefni sem á borð berast.

11. Samstarf við Heimili og skóla

Formaður FNS Ágústa E. Ingbórsdóttir og formaður Heimilis og skóla María Kristín Gylfadóttir skrifuðu þann 27. mars undir viljayfirlýsingu um samstarf.

FNS og H&S hafa það sameiginlega markmið að standa vörð um hagsmuni nemenda innan skólasamfélagsins. Með viljayfirlýsingu þessari senda báðir aðilar skýr skilaboð til samfélagsins að þau láti sig varða hagsmuni barna í landinu og hyggist styðja sameiginlega við málefni sem stuðla að bættum hag nemenda í íslenskum skólum.

Markmiðum þessum verður náð með því að báðir aðilar:

- standi vörð um hagsmuni nemenda og komi fram með sameiginleg skilaboð þegar það á við.
- stuðli að því að skólasamfélagið (foreldrar, nemendur og starfsfólk) öðlist betri þekkingu á störfum náms- og starfsráðgjafa.
- stuðli að því að nemendur og foreldrar öðlist betri þekkingu á náms- og starfsvali.
- stuðli að því að starfsfólk skóla öðlist betri þekkingu á mikilvægi öflugs foreldrasamstarfs.

Nálgast má viljayfirlýsinguna í heild sinni á eftirfarandi vefslóð: <http://fns.is/pdf-asskyrslur/15.pdf>

12. Fjárreiður og félagsgjöld FNS

Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2006 er byggður á bókhaldi félagsins.

Sjá sérrit um ársreikning félagsins.

13. Styrkir til FNS

Stjórn Verkefna- og námsstyrkjasjóðs FG og SÍ veitti FNS styrk að upphæð kr. 495.000 fyrir námskeiðið „Efling náms- og starfsráðgjafar á grunnskólastigi“. Menntamálaráðuneytið veitti FNS styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla að upphæð kr. 392.000 til að halda námskeiðið „Efling náms- og starfsráðgjafar á grunnskólastigi“. Að auki veitti menntamálaráðuneytið FNS styrk að upphæð kr. 850.000 vegna sama námskeiðs sem færist til tekna á næsta starfsári. Stjórn Verkefna- og námsstyrkjasjóðs FG og SÍ veitti FNS styrk að upphæð kr. 320.000 vegna málþings á degi náms- og starfsráðgjafar þann 20. október. Stjórn Kennarasamband Íslands veitti FNS styrk að upphæð kr. 300.000 vegna afmælisárs félagsins. Félagsmálaráðuneytið styrkti FNS að upphæð kr. 150.000 vegna afmælisárs félagsins. Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands og Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar styrktu FNS að upphæð kr. 75.000 vegna málþings á degi náms- og starfsráðgjafar þann 20. október. Vinnumálastofnun styrkti FNS að upphæð kr. 75.000 vegna sama málþings. Heimili og skóli styrkti FNS að upphæð kr. 50.000 vegna málþings á degi náms- og starfsráðgjafar og Mennt – samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla styrkti FNS að upphæð kr. 20.000 vegna afmælishátíðar félagsins.

Styrkur samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara að upphæð kr. 279.000 fyrir námsstefnuna – Fagmennska og færni náms- og starfsráðgjafans vorið 2006 kom einnig inn á þessu starfsári.

Samkvæmt samningi FNS og menntamálaráðuneytisins, sem endurnýjaður er árlega, leggur ráðuneytið félaginu til fé sem jafngildir tveimur mánaðarlaunum samkvæmt eldri launaflokki B09 3. þrepi. Hefur þessi upphæð verið greidd til félagsins og það staðið skil á sínum hluta samningsins og sinnt umsögnum um námsefnisgerð.

Öllum þessum aðilum er hafa styrkt faglegt starf FNS eru færðar kærar þakkir.

14. Norrænt samstarf

Norræn samtök náms- og starfsráðgjafa: Skýrsla fulltrúa fyrir árið 2006 Anna Sigurðardóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir

Fulltrúar Félags náms- og starfsráðgjafa í stjórn Norræna náms- og starfsráðgjafa NSNS eru: Anna Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi Kennaraháskóla Íslands og Gunnlaug Hartmannsdóttir, náms- og starfsráðgjafi Námsflokki Reykjavíkur. Hlutverk fulltrúa er að mæta á fundi hjá stjórn félagsins og upplýsa félagsmenn um það sem er á döfinni hverju sinni. Fulltrúa ber einnig að upplýsa stjórn Norrænu samtakanna um starfsemi FNS.

Aðalfundur NFSY Norræns félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn í 28. – 29. apríl 2006 í Kaupmannahöfn. Fulltrúar Noregs, Svíþjóðar, Íslands, Danmerkur og Finnlands voru mættir á fundinn ásamt aukaaðilum frá Færeyjum og Álandseyjum. Fulltrúar Íslands á fundinum voru Anna Sigurðardóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir. Á fundinum var farið yfir skýrslur frá hverju aðildarlanda fyrir sig ásamt því að reikningar félagsins voru lagðir fram. Rætt var um aðild norrænu félaganna að IAEVG og var það sameiginleg niðurstaða fundarmanna að betra væri að halda aðildinni áfram sameinuð í NFSY í stað hvers félags fyrir sig. Á fundinum var fjallað um undirbúning alþjóðlegrar ráðstefnu IAEVG í Kaupmannahöfn í ágúst og gert grein fyrir hvernig undirbúningur gengi. FUE félag náms- og starfsráðgjafa í Danmörku sáu um skiplagningu ráðstefnunnar fyrir hönd NFSY. Einnig var fjallað um fyrirhugaða ráðstefnu NFSY í Visby á Gotlandi í Svíþjóð í apríl 2007. Óskað er eftir einum fyrirlesara frá hverju Norðurlandanna og mun fargjald verða greitt fyrir þá auk ráðstefnugjalds. Ráðstefnan verður haldin í samvinnu við Baltisku löndin en þau hafa óskað eftir því að gerast samstarfsaðili við norrænu samtökin. Nokkur umræða var um heimasíðu NFSY og mikilvægi þess að hafa hana þannig úr garði gerða að ekki fylgi því mikil vinna að uppfæra hana. Þörf er á að endurskoða hana og liggur fyrir að fara í þá vinnu. Frá síðasta fundi hefur verið unnið að yfirliti yfir starfsvettvang og menntun náms- og starfsráðgjafa á öllum Norðurlöndunum og er heildaryfirlit að verða tilbúið. Lög NFSY er að finna á heimasíðu samtakanna. Þörf er á að endurskoða þau og munu Svíar taka að sér þá vinnu fyrir fund stjórnar í apríl 2007.

Aukafundur stjórnar var haldinn 23. ágúst í tengslum við alþjóðlegu ráðstefnuna IAEVG „Building Bridges“ sem haldin var í Kaupmannahöfn 23. – 25. ágúst. Anna og Gunnlaug sátu báðar þann fund þar sem báðar voru þátttakendur á ráðstefnunni. Rætt var um gang mála við undirbúningu ráðstefnunnar á Gotland. Ekki voru öll löndin tilbúin með sinn fyrirlesara og stefnan sett á að hafa það klárt í lok september svo mögulegt væri að skipuleggja og auglýsa ráðstefnuna. Fyrir hönd Íslands mun Guðrún Kristinsdóttir segja frá þeim verkefnum sem hún hefur verið að vinna að í Ártúnsskóla. (Þegar þetta er ritað liggur fyrir að ráðstefnunni hefur verið frestað til apríl 2008).

Um 14 náms- og starfsráðgjafar mættu á ráðstefnuna í Kaupmannahöfn sem bar heitið „Cross over Guidance“. Ráðstefnan var fjölmenn og margir áhugaverðir fyrirlestrar og málstofur. Framlag Íslendinga var kynning á tveimur Leonardo verkefnum „Spiderweb“ og „PPS, Personal profile and support“ sem stýrt er af Björgu Birgisdóttur hjá Háskólanum í Reykjavík. Anna Sigurðardóttir og Guðbjörg Vilhjálmisdóttir tóku að sér stjórn á tveimur málstofum á ráðstefnunni. Anna og Gunnlaug mættu einnig á fund alþjóðlegra tengla og eftir ráðstefnuna voru niðurstöður umræðna sendar fundarmönnum.

NVL – norræn samtök um fullorðinsfræðslu kom á samstarfi um tengslanet um ráðgjöf við fullorðna. Haft var samband norræna fulltrúa félagsins og óskað eftir þátttöku þeirra í tengslanetinu. Anna Sigurðardóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir eru þátttakendur í því ásamt Fjólu Maríu Lárusdóttur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Í tengslanetinu sitja fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum. Haldnir voru tveir fundir árið 2006 þar sem rætt var um hugsanleg viðfangsefni slíks tengslanets og lagðar línur að starfsemi þess. Vænta má niðurstöðu fljótlega frá starfi NVL og munu fulltrúar FNS sjá um að upplýsa félagsmenn um starfið.

Eins og fram kemur í þessari skýrslu sóttu báðir fulltrúar aðalfund frá Íslandi og greiddi FNS ferðakostnað annars en að venju greiðir NFSY fyrir einn fulltrúa. Fulltrúi félagsins til margra ára Anna Sigurðardóttir telur mikinn ávinning í því að tveir fulltrúar sitji fundina.

15. Starfshópur um náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum

Menntamálaráðherra skipaði starfshóp um náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum og framhaldsskólum með erindisbréfi 2. október 2006. Í erindisbréfi starfshópsins segir: *Starfshópurinn skal setja fram tillögur um hvernig styrkja megi náms- og starfsráðgjöf til nemenda á þessum skólastigum m.a. í því skyni að bæta líðan og námsárangur nemenda og þannig draga úr brottfalli.* Ennfremur segir: *Í því sambandi verði kannað núverandi umfang ráðgjafarinnar í skólum.*

Starfshópurinn skipaði:

Sigríður Bílddal, formaður, án tilnefningar
Arnar Þorsteinsson frá Félagi grunnskólakennara
Ágústa E. Ingbórsdóttir frá Félagi náms- og starfsráðgjafa
Elín Thorarensen frá Heimili og skóla – landssamtökum foreldra
Fjóla María Lárusdóttir frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Helga M. Steinsson frá Félagi íslenskra framhaldsskóla
Kistrún G. Guðmundsdóttir frá Skólastjórafélagi Íslands
Ragnheiður Bóasdóttir frá Félagi framhaldsskólakennara
Sigrún Stefánsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Erna Árnadóttir var starfsmaður hópsins

Starfshópurinn hittist á 12 fundum í menntamálaráðuneytinu. Fyrsti fundurinn var 20. október 2006 á degi náms- og starfsráðgjafar og sá síðasti 26. janúar 2007.

Nokkrir fagaðilar komu á fundi hjá starfshópnum svo sem Björg Birgisdóttir náms- og starfsráðgjafi í Háskólanum í Reykjavík, Guðrún Kristinsdóttir náms- og starfsráðgjafi í Ártúnsskóla og Guðbjörg Vilhjálmsdóttir dósent í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Starfshópnum var einnig falið að tengja vinnu sína starfi annarra starfshópa sem skiluðu tillögum sínum til ráðuneytisins í ársbyrjun 2007. Má þar nefna starfshóp sem fjallaði um málefni nemenda á almennri námsbraut framhaldsskóla og starfshóp sem fjallaði um sveigjanleika og fjölbreytileika í skipulagi náms og námsframboðs.

Í skýrslu starfshópsins var fjallað um hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að allir nemendur hafi aðgang að náms- og starfsráðgjöf í skólum sínum og stöðu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum. Gerð var grein fyrir helstu tillögum starfshópsins um úrbætur og greint frá hugmyndum um kostnað við framkvæmd þeirra.

Starfshópurinn var sammála um þær tillögur sem voru lagðar fram í skýrslunni. Það er von starfshópsins að þær verði til þess að bæta líðan og gengi nemenda í námi og minnka þar með líkur á brottfalli í grunn- og framhaldsskólum.

Nálgast má skýrsluna í heild sinni á eftirfarandi vefslóð: http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/skyrsla_nams_starfsradgjof.pdf

16. Þingsályktunartillaga um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum

Á nýafstöðnu 133. löggjafarþingi 2006-2007 var tillaga til þingsályktunar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum samþykkt óbreytt (<http://www.althingi.is/altext/133/s/0042.html>). Menntamálanefnd fjallaði um málið á fundum sínum og var það þingfest í atkvæðagreiðslu þann 17. mars.

Dagný Jónsdóttir alþingismaður var fyrsti flutningsmaður tillögunnar.

Gert er ráð fyrir í tillögunni að menntamálaráðherra skipi nefnd sem kanni leiðir til að aðstoða ungmenni við að taka skynsamlegar ákvarðanir í tengslum við náms- og starfsval. Nefndin tók undir sjónarmið í greinargerð um að farsælar lausnir á vandamálum tengdum brottfalli úr skóla geti leitt af sér mikinn þjóðfélagslegan ávinning (<http://www.althingi.is/altext/133/s/1239.html>).

Menntamálanefnd skipa:

1. Sigurður Kári Kristjánsson 6. þm. RN, S
2. Sigurrós Þorgrímsdóttir 11. þm. SV, S
3. Björgvin G. Sigurðsson 7. þm. SU, Sf
4. Dagný Jónsdóttir 8. þm. NA, F
5. Einar Már Sigurðarson 7. þm. NA, Sf
6. Kjartan Ólafsson 8. þm. SU, S
7. Mördur Árnason 7. þm. RS, Sf
8. Herdís Á. Sæmundardóttir 3. þm. NV, F
9. Kolbrún Halldórsdóttir 8. þm. RN, Vg

Félag náms- og starfsráðgjafa þakkar viðkomandi þingmönnum fyrir að leiða þetta mikilvæga framfaraskref til lykta, framfaraskref sem hefur mikla þýðingu fyrir nemendur og foreldra þeirra, náms- og starfsráðgjöf á Íslandi og fagstéttina.

Sérstaklega ber þó að þakka Jónínu Bjartmarz alþingismanni en hún hafði frumkvæði að því að þingsályktunartillagan var lögð fram. Jónína Bjartmarz var flutningsmaður þegar tillagan var lögð fram í fyrstu, á 131. löggjafarþingi.

17. Umsagnir um námsefni

Líkt og undanfarin ár fór menntamálaráðuneytið þess á leit við FNS að gera umsögn um námsefni. Að þessu sinni var ein umsókn um námsefni í framhaldsskóla til umsagnar. Ágústa E. Ingþórsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir tóku þetta að sér fyrir hönd FNS og eru þeim færðar þakkir.

18. Beiðnir Alþings um umsagnir um frumvörp til laga

Á þessu starfsári hefur Alþingi beiðið Félag náms- og starfsráðgjafa að senda umsagnir um tvö frumvörp til laga.

1. Frumvarp til laga um námsgögn, 511. mál, heildarlög, lagt fyrir á 133. löggjafarþingi 2006-2007
2. Frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, lagt fyrir á 133. löggjafarþingi 2006-2007

FNS var sammála frumvarpi til laga um námsgögn þar sem mælt er fyrir um breytingar á því með hvaða hætti ríkisvaldið leggur grunnskólum í landinu til námsgögn og styður við þróun og gerð námsefnis á leik-, grunn- og framhaldsskólastigum og meginmarkmiðum breytinganna. Félagið lagði þó sérstaka áherslu á mikilvægi þess að breytingarnar verði til þess að stuðla að bættu skólastarfi og koma betur til móts við ólíkar þarfir nemenda. Eitt af því sem einkennir náms-samfélag er tilgangur, það að eiga þátt í hugmyndum og markmiðum. Með því að stuðla að þróun og nýsköpun í námsgagnagerð og veita þeim aðilum stuðning sem búa til og þróa námsgögn og auka sjálfstæði og val skóla og kennara um námsgögn er stuðlað að slíku náms-samfélagi.

FNS tók ekki afstöðu til þess hvort sameina skuli Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) og Háskóla Íslands (HÍ) að öðru leyti en því að leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess að breytingarnar verði til þess að stuðla að eflingu háskólamenntunar á Íslandi og að skapa aukin tækifæri fyrir nemendur í ólíkum deildum sameinaðs háskóla til að tengja nám sitt kennaranámi. Einnig lagði félagið áherslu á mikilvægi þess að efla stöðþjónustu, þ.m.t. náms- og starfsráðgjöf, í sameinuðum háskóla og auka stuðning við nemendur og starfsfólk. Til að af því geti orðið þyrfti að vera ljóst með hvaða hætti sá styrkur sem skólarnir búa yfir hvor um sig verði tryggður og áfram nýttur til framdráttar sameinuðum skóla og að sameiningin verði notuð til að yfirvinna veikleika þeirra þannig að nýr sameinaður háskóli verði enn öflugri en háskólarnir eru nú.

Geta má þess að á sumarþingi Alþingis voru samþykkt lög um vinnumarkaðsaðgerðir. Það sem gerir þessi lög markverð fyrir náms- og starfsráðgjafa er að í 17. grein laganna er kveðið á um að auk þess að Vinnuálagstofnun skuli reglulega afla upplýsinga um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur frá einstökum landshlutum skuli hún jafnframt reglubundið kanna mannaflapörf og

framfarhorfur í atvinnugreinum þannig að meta megi atvinnuöguleika námsmanna eftir námsleiðum og efla ráðgjöf við nemendur í framhalds- og háskólanámi þar að lútandi.

Í nefndaráli félagsmálanefndar Alþingis um framkvæmd til laga um vinnumarkaðsaðgerðir kemur fram að nefndin telur eðlilegt að Vinnuálastofnun leiti eftir samvinnu við Samtök atvinnulífsins, náms- og starfsráðgjafa í háskólum og Félag náms- og starfsráðgjafa við uppbyggingu þessa verkefnis. Telur nefndin að með því móti verði samvinna við atvinnulífið tryggð og ráðgjöf við nemendur í framhalds- og háskólanámi eflað þannig að byggja megi upp samkeppnishæft samfélag hér á landi til frambúðar.

Félag náms- og starfsráðgjafa fagnar þessu skrefi sem felst í reglulegri könnun á mannaflapörf og framfarhorfum í atvinnugreinum. Þessar upplýsingar gegna mikilvægu hlutverki í okkar störfum og munu án efa gagnast ráðþegum í náms- og starfsvali.

17. grein laga um vinnumarkaðsaðgerðir byggir á þingsályktunartillögu Jóhönnu Sigurðardóttur á þingskjali nr. 67 um mat á framfarhorfum og mannaflapörf í atvinnugreinum. Félag náms- og starfsráðgjafa var beðið um að senda inn álitserð og studdi FNS eindregið tillöguna.

Félag náms- og starfsráðgjafa væntir mikils af framkvæmd þessara laga og lýsir sig reiðubúið til samstarfs við þá aðila sem tilgreindir eru við uppbyggingu þessa verkefnis. Sérþekking náms- og starfsráðgjafa kemur hér að miklum notum.

19. Kynningar á námi í framhaldsskólum

Til að fylgja eftir framkomnum hugmyndum um breytt fyrirkomulag á framhaldsskólakynningum fyrir nemendur 10. bekkjar grunnskólans hafa fulltrúar stjórnar FNS kynnt þær innan menntamálaráðuneytisins og á fundi skólastjórnenda framhaldsskólans til þess að hægt væri að hrinda þeim í framkvæmd á næsta skólaári. Hugmyndirnar eru eftirfarandi:

1. Framhaldsskóladaur: Haldinn fyrsta laugardag í október kl. 11 - 17 (t.d. í Laugardalshöll). Hér kynna allir framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu starfsemi sína. Framhaldsskólar á landsbyggðinni gætu einnig tekið þátt í þessum degi í Reykjavík, verið með kynningu á sama tíma í sínu byggðarlagi eða útfært hugmyndina á annan hátt.
2. Opin hús fyrir foreldra og nemendur yrðu haldin á tveggja vikna tímabili í framhaldi af framhaldsskóladeginum. Þá kæmi til greina að tveir skólar, staðsettir nálægt hvor öðrum hefðu opið hús sama daginn, t.d. Kvennaskólinn í Reykjavík og Menntaskólinn í Reykjavík eða Borgarholtsskóli og Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. Kynningarnar gætu t.d. staðið yfir kl. 17 - 21 með almennum upplýsingafundi á hálf tíma til klukkustundafresti og skoðunarferð um skólann í framhaldi af honum. Þannig væri hægt að koma við 4 kynningum á þessu kynningarkvöldi.
3. Framhaldsskóladaurinn og opna húsið kæmu í stað þeirra hefðbundnu heimsókna sem 10. bekkur hefur farið í með kennurum og/eða náms- og starfsráðgjöfum.
4. Hver framhaldsskóli getur einnig ákveðið að halda annað opið hús að vori til.

Núverandi fyrirkomulag kynninga felur í sér töluverða röskun á skólastarfi á báðum skólastigum. Með breyttu fyrirkomulagi er hægt að gera allt kynningarstarf markvissara þannig að verðandi framhaldsskólanemendur taki upplýsta ákvörðun varðandi námsval sitt. FNS telur að með þessu móti sé einnig lag á að efla þátttöku foreldra í framfararnámsvali og auka ábyrgð þeirra á námi barna sinna. Meðal náms- og starfsráðgjafa á báðum skólastigum ríkir samstaða um þessar hugmyndir og fyrir liggur munnlegt samþykki menntamálaráðuneytisins á þeim. FNS hefur verið falið að taka að sér framkvæmdina ef af þessu breytta fyrirkomulagi verður. Mikilvægt er að halda áfram að veita þessu mikilvæga máli brautargengi en ljóst er að af þessu verður ekki á næsta skólaári þar sem hagsmunaaðilar hafa ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu.

20. FNS - norðan heiða

Starfsemi norðandeildar hefur verið óformleg í vetur. Náms- og starfsráðgjafar hafa hist þegar boðið hefur verið upp á fjarfundi.

21. Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar

Mikið og öflugt samstarf hefur verið á milli FNS og verkefnisstjóra Evrópumíðstöðvar náms- og starfsráðgjafa, Dóru Stefánsdóttur. Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar er upplýsingamiðlun og samstarfsvettvangur sem Evrópusambandið styrkir með það fyrir augum að miðla evrópskri vídd og undirstrika mikilvægi náms- og starfsráðgjafar, starfsþjálfunar og símenntunar í upplýsinga-samfélagi nútímans. Evrópumíðstöðin hefur stutt ötullega við bak FNS og nokkur samvinnu-verkefni voru unnin þennan veturinn. Þau eru helst:

a. Academia verkefni

Á vefsíðu Evrópumíðstöðvarinnar, www.euroguidance.is, segir svo frá: „Markmiðið er að auðvelda náms- og starfsráðgjöfum að fara í styttri námsferðir til annarra Evrópulanda til að fræðast þar um skipulagningu menntakerfis í viðkomandi landi eða fyrirkomulagi á vinnumarkaði.

Heimsóknirnar eru skipulagðar þannig að hvert þáttökuland skipuleggur námskeið sem að öllu jöfnu stendur yfir í viku til tíu daga. Þar er gefið yfirlit yfir samfélag og opinber kerfi viðkomandi lands og farið í heimsóknir til stofnana og fyrirtækja þar sem ráðgjafar starfa. Einnig eru oft tekin fyrir ákveðin þemu sem eru mikilvæg í faglegri umræðu um ráðgjöf.”

FNS tók þátt í þessu verkefni með Evrópumíðstöðinni með því að taka að sér umsjón með hluta af dagskránni með því að kynna starfsemi náms- og starfsráðgjafar á Íslandi og vera með þemadag þar sem fjallað var um náms- og starfsráðgjöf í fjölmenningar-samfélagi. FNS bauð svo þátttakendum til kvöldverðar. FNS vill fá að þakka Dóru fyrir þetta samstarf. Einnig er komið á framfæri þakklæti til Gunnlaugar Hartmannsdóttur, Valborgar Baldvinsdóttur og Berglindar Helgu Sigurþórsdóttur fyrir þeirra þátt í þessu verkefni.

b. Stuðningur Evrópumíðstöðvar náms- og starfsráðgjafar

Stuðningur Evrópumíðstöðvarinnar í vetur hefur falist í því að gera FNS kleift að senda fræðslufundi vetrarins til félagsmanna í gegnum fjarfundabúnað og bjóða upp á aðstöðu til fundanna. Dóru Stefánsdóttur eru færðar hugheilar þakkir fyrir hennar þátt í að gera félagsstarf FNS öflugt í vetur.

Geta má þess að formaður FNS tók á móti tveimur náms- og starfsráðgjöfum frá Austurríki og var einkar ánægjulegt að fræðast um hvernig staðið er að greininni í því landi og fá tækifæri til að fræða aðra um það gróskumikla starf sem unnið er hér á landi.

22. Önnur verkefni

a. 10. málþing RKHÍ um rannsóknir, nýbreytni og þróun

Náms- og starfsráðgjöfum var boðið að vera með sérstaka málstofu á 10. málþingi RKHÍ um rannsóknir, nýbreytni og þróun undir yfirskriftinni: Hvernig skóli? Skilvirkur þjónn eða skapandi afl. Samkvæmt yfirskriftinni var rýnt í stöðu skólastiganna í dag og jafnframt skoðuð sú gróska sem nú ríkir í rannsóknum, þróunarverkefnum og nýbreytni í skólastarfi. Á málþinginu flutti dr. Sif Einarsdóttir, dósent í HÍ erindið „Lýsir kenning Holland best starfsáhuga íslenskra ungmenna?“, Auður R. Gunnarsdóttir, sálfræðingur/námsráðgjafi í NHÍ flutti erindið „Ráðgjöf við nemendur með dyslexiu“, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Flensborgarskólanum flutti erindið „Birtingarmyndir eineltis í framhaldsskólum og líðan þolenda“, Ragnheiður Bóasdóttir

náms- og starfsráðgjafi FÁ flutti erindið „Þróun náms- og starfsráðgjafar í anda jafnréttis” og Björg Birgisdóttir, forstöðumaður námsráðgjafar HR og Kristjana Stella Blöndal, doktorsnemi í HÍ fluttu erindi um viðtalsformið „PPS-Personal profile and Support for Learners” fyrir náms- og starfsráðgjafa. María Dóra Björnsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í HÍ stýrði þessari málstofu náms- og starfsráðgjafa. Eru þeim öllum færðar hugheilar þakkir fyrir frábært innlegg í umræðuna um eflingu náms- og starfsráðgjafar innan skólakerfisins sem og fyrir að auka sýnileika stéttarinnar.

b. Starfshópur og ráðstefna um innflytjendur og framhaldsskólann

Farið var þess á leit við FNS að skipa fulltrúa félagsins í starfshóp sem stóð að undirbúningi ráðstefnu í febrúar um innflytjendur og framhaldsskólann. Gerður Gestsdóttir frá Alþjóðahúsi leiddi undirbúningsvinnuna. Í undirbúningshópi fyrir ráðstefnuna voru fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu, Háskóla Íslands, Heimili og skóla - landssamtökum foreldra, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Alþjóðahúsi, Fjölmeningarsetri Vestfjarða, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Móðurmáli - Félagi um móðurmálskenndu tvítýngdra barna, Félagi framhaldsskólakennara og Félagi náms- og starfsráðgjafa. Þórdís Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi FÁ var fulltrúi FNS í starfshópnum og fékk hún m.a. Guðrúnu Erlu Ingvadóttur, náms- og starfsráðgjafa í Fellaskóla til að segja frá starfi með nýbúum í málstofu um félagslega aðlögun, móttöku og tengsl skólastiga. Svandís Ingimundardóttir, hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga stýrði þeirri málstofu. Eru þeim öllum færðar þakkir fyrir þeirra mikilvæga innlegg.

c. Umsögn um verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda

Samkvæmt beiðni Barnaverndarstofu lagði FNS fram umsögn um verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda. FNS var sammála verklagsreglunum að innihaldi en gerði athugasemd við að náms- og starfsráðgjafar væru ekki tilgreindir þar meðal fagfólks sem sinnir börnum í skóla. Með umsögn þessari skapaðist gott tækifæri til að vekja athygli á okkar stétt innan skólasamfélagsins meðal barnaverndaryfirvalda.

d. Fundur um málefni náms- og starfsráðgjafar í menntamálaráðuneytinu

Formaður FNS og dr. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir óskuðu eftir fundi með fulltrúum menntamálaráðuneytisins til þess að gefa þeim tækifæri á að hlýða á erindi dr. Mark Savickas og vekja athygli á málefnum náms- og starfsráðgjafa. Mæltist erindi Savickas mjög vel fyrir í ráðuneytinu og gott tækifæri skapaðist til að benda á mikilvægi lögverndunar starfsheitis náms- og starfsráðgjafa, mikilvægi þess að fjarnámi í náms- og starfsráðgjöf verði tryggður rekstrar-grundvöllur með sérstakri fjárveitingu og að upplýsingabanki um nám og störf verði stofnsettur. Í öllum okkar nágrannalöndum hafa upplýsingabankar um nám og störf þótt nauðsynleg forsenda til að greiða fyrir „umferð” um skólakerfið og hljóta þeir því að vera liður í að draga úr brottfalli. Þeir auka og jafna aðgengi neytenda að hlutlausum, uppfærðum og góðum upplýsingum um nám og störf.

Allir þessir liðir miða að því að tryggja gæði náms- og starfsráðgjafar og jafna aðgengi landsmanna, sérstaklega ófaglærðra, að þjónustu náms- og starfsráðgjafa.

e. Starfshópur um málefni nemenda á almennri námsbraut framhaldsskóla

Að skipan menntamálaráðherra starfaði formaður FNS í starfshópi sem falið var að fjalla um málefni nemenda sem stunda nám á almennri námsbraut framhaldsskóla. Starfshópnum var ætlað að setja fram tillögur um hvernig koma má betur til móts við þennan hóp nemenda sem hefur mjög mismunandi þarfir. Einnig var fjallað um hvernig mæta má þörfum þeirra nemenda sem standa höllum fæti í grunnskóla og hvernig framhaldsskólinn getur sem best mætt þörfum þeirra að loknu grunnskólanámi. Hópnum var falið að setja fram tillögur um fjölbreytni í námsframboði og þjónustu við þennan hóp nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum. Einnig var hópnum falið að setja fram hugmyndir um starfshætti sem stuðla að bættum námsárangri og að brottfall nemenda minnki. Starfshópurinn tengdi starf sitt við vinnu starfshópa um verk- og starfsnám og um aðlögun grunnskóla og framhaldsskóla að breyttri námsskipan. Lögð var áhersla á að starfshópurinn hefði

víðtækt samráð við hagsmunaaðila. Hópurinn skilaði skýrslu í lok árs 2006. Nálgastr má skýrsluna í heild sinni á eftirfarandi vefslóð: <http://bella.mrn.stjr.is/utgafuskra/rit.adp?id=35253>

f. Rafiðnaðarsamband Íslands

Formaður FNS, Ágústa E. Ingbórsdóttir og Ásta Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Garðaskóla áttu fundi með fulltrúum frá Rafiðnaðarsambandi Íslands vegna kynningarefnis Rafiðnaðarsambandsins á margmiðlunardiski um nám og störf í rafiðnaði. Óskaði Rafiðnaðar-sambandið eftir hugmyndum félagsins sem fagaðila á hugsanlegu framhaldi kynninga á rafiðnaði í grunnskólum, hvaða leiðir væru vænlegastar.

g. Gagarín

Vísinda- og tækniráð og Rannís leituðu til Gagarín, fyrirtækis sem sérhæfir sig í hönnun og framleiðslu á stafrænu efni fyrir gagnvirka miðla, um að vinna þarfagreiningu en hún er liður í undirbúningi við gerð á margmiðlunarkynningu á störfum ungra vísindamanna. Tilgangurinn með slíkri kynningu er að auka áhuga ungs fólks á framhaldsnámi sem leiðir til starfa í þróun, nýsköpun og við vísindarannsóknir.

Við vinnslu þarfagreiningarinnar var farið yfir ýmis gögn – skýrslur og rannsóknir, upplýsingar á vefsíðum sem tengjast viðfangsefninu, m.a. www.rannis.is o.fl. – tekin viðtöl við sérfræðinga og haldnir fundir með verkefnisstjórn. Haldnir voru fundir með hópi náms- og starfsráðgjafa og tekin voru viðtöl við náms- og starfsráðgjafa og sérfræðinga sem fást við að rannsaka áhugasvið og starfsval nemenda. Farið var yfir áherslur Vísinda- og tækniráðs og áherslur í aðalnámsskrá grunn- og framhaldsskóla á sviði kennslu í lífsleikni og tengdum viðfangsefnum. Þá voru tekin rýnivíðtöl við nemendur í fjórum framhaldsskólum.

Útgangspunkturinn (afmörkun) við vinnslu þessarar þarfagreiningar er að kynna það svið sem fellur undir starfssvið Rannís og VTR, sem eru bæði raunvísindi og félags- og hugvísindi:

- Verkfræði, tækni og raunvísindi
- Náttúruvísindi og umhverfisvísindi
- Heilbrigðisvísindi og lífvísindi
- Félagsvísindi og hugvísindi

Í rýnivíðtölum sem Gagarín tók við framhaldsskólanemendur kom fram að fáir gátu nefnt dæmi um einhvern sem starfar við vísindi eða vísindarannsóknir. Þau þurftu að hugsa sig mikið um. Helst voru það fjölskyldumeðlimir sem þau nefndu (systir, föðurbróðir og mágur) sem öll störfuðu í raunvísindum, en líka komu fram nöfn eins og Isac Newton og Kári Stefánsson. Þó kom upp umræða í tveimur hópum um hagfræði og félagsvísindi – hvort það væri ekki vísindi – og að þau þekktu hagfræðing.

Þá voru mjög skiptar skoðanir meðal unglínganna um hvort þau gætu hugsað sér að starfa við vísindarannsóknir. Sum gátu alls ekki hugsað sér það, en önnur töldu það geta verið spennandi – að sökkva sér niður í eitthvað viðfangsefni og þæla. Einhver munur virðist vera á upplifun þeirra á “nýsköpun” og “vísindarannsóknir” og virtist viðhorf til starfa við nýsköpun nokkuð jákvæðara. Enda tengdu þau það meira við að búa til nýja hluti og þróa en vísindarannsóknirnar, sem þau sáu meira fyrir sér á rannsóknarstofum.

Fulltrúar FNS voru boðaðir á fund hjá Gagarín. Óskað var eftir álitum félagsins og umræðum um aðalnámsskrá og lífsleikni, fræðslu um störf og nám að loknu námi í framhaldsskóla m.t.t. aðalnámsskrár og hvaða kröfum aðalnámsskrár til fræðsluefnis/námsefnis. Einnig var óskað eftir álitum og reynslu FNS af notkun á stafrænu kennsluefni þar sem notuð er frásögn í formi myndbanda og hljóðs, um hugtökin þróun, nýsköpun og vísindarannsóknir (og þýðingu þeirra í hugum nemenda) sem og væntingar náms- og starfsráðgjafa til notkunar á stafrænu fræðsluefni í framhaldsskólanum til kennslu og/eða óbeint (um störf við þróun, nýsköpun og vísindarannsóknir). Formaður FNS og varaformaður Guðrún Kristinsdóttir fóru á fundinn ásamt Sigurjónu Jónsdóttur, náms- og starfsráðgjafa í Iðnskólanum í Reykjavík. Sigurjóna hefur síðan unnið að áframhaldandi hugmyndavinnu með starfsfólki Gagarín og eru henni færðar þakkir fyrir þá vinnu.

h. Iðan

Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri Iðunnar - fræðsluseturs hafði samband við félagið vegna vinnu við breytingar á upplýsingavef Iðunnar sem margir náms- og starfsráðgjafar hafa stuðst við í náms- og starfsfræðslu. Fundað var tvisvar sinnum og umræðan var um kynningu á iðn- og starfsnámi. Markmið verkefnisins er að styrkja ímynd iðn- og starfsnáms, fjölga fagmönnum, kynna störf í iðnaði, kynna iðnfyrirtæki, draga úr brottfalli í iðn- og starfsnámi og efla samstarf um kynningu á iðn- og starfsnámi. Svanhildur Svavarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Lágafellsskóla tók að sér að vera ráðgefandi aðili fyrir hönd FNS og eru henni færðar þakkir fyrir þau störf sín.

i. Fundur hjá Samtökum iðnaðarins

Formaður FNS átti fund með Inga Boga Bogasyni, sviðsstjóra menntunar og mannaúts hjá SI þar sem rætt var mikilvægi þess að náms- og starfsráðgjafar ynnu að því að kynna iðnnám vel fyrir nemendum grunnskólans. Einnig var komið inn á hugmyndir um gerð heildargagnagrunns um nám og störf og hverjir koma ættu að slíku starfi. Lagt var til að hagsmunaaðilar funduðu um málið og settu niður hugmyndir að áframhaldandi starfi. Mun FNS vinna að brautargengi þessa mikilvæga máls áfram.

j. Fundur í Vinnumálastofnun

Formaður FNS átti fund með Gissuri Péturssyni, forstjóra Vinnumálastofnunar og Karli Sigurðssyni, forstöðumanni vinnumálasviðs Vinnumálastofnunar um mikilvægi þess að leita eftir samstarfi stjórnvalda til að gera heildstætt, gegnsætt og hlutlaust upplýsingakerfi um nám og störf hérlendis. Lagt var til að skipuð yrði nefnd á vegum Vinnumálastofnunar sem FNS, Vinnumálastofnun og aðrir hagsmunaaðilar ættu aðild að. Hlutverk nefndarinnar væri að gera tillögur og leita leiða til að fjármagna slíkt verkefni.

k. Fulltrúafundur Félags framhaldsskólakennara

Farið var þess á leit við formann FNS að fjalla um náms- og starfsráðgjöf á fulltrúafundi FF um vinnu í nefndum að 10 punkta samkomulagi. Á fundinum kom formaður m.a. inn á reglugerð um náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum, lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa, að tryggja þurfi aukið stöðuhlutfall náms- og starfsráðgjafa í samræmi við nemendafjölda, aukna náms- og starfsfræðslu og að tryggja þurfi nægilegt framboð af menntuðum náms- og starfsráðgjöfum.

l. Málþing um málefni unglíngastigsins, þ.e. efri bekkja grunnskóla

Tveimur fulltrúum frá FNS, öðrum frá grunnskóla og öðrum frá framhaldsskóla – með reynslu af samstarfi skólastíganna var boðið að vera með framsögu um það sem félagið telur brýnustu umbótamál varðandi þróun grunnskólans. Til málþingsins var boðið aðilum víða að úr þjóðfélaginu. Formaður FNS, Ágústa E. Ingþórsdóttir og Sigrún Ágústsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Réttarholtsskóla, tóku þátt í málþinginu fyrir hönd FNS.

m. Málþing um skólagöngu barna með sérþarfir

Formanni FNS var boðið að halda erindi um upplifun og reynslu ungs fólk með AD(H)D af skólakerfinu. Málþingið var haldið á vegum Sjónarhóls. Að Sjónarhóli- ráðgjafarmiðstöð standa samtök sem láta sig hag langveikra og fatlaðra barna varða.

n. Námskeið um þunglyndi og sjálfsvígisatferli í skóla

Í samstarfi við FNS hélt landlæknisembættið tvö námskeið fyrir náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum, 2. júní og 8. september. Hvort námskeið stóð yfir í um 5 klst. og var náms- og starfsráðgjöfum að kostnaðarlausu.

Fyrirlesarar voru: Salbjörg Bjarnadóttir geðhjúkrunarfræðingur og Wilhelm Norðfjörð sálfræðingur.

Fræðslu- og forvarnaverkefnið „Þjóð gegn þunglyndi“ hefur nú formlega verið starfrækt í tæp þrjú ár. Hvati verkefnisins var upphaflega sá, að tíðni sjálfsvíga hefur færst niður í æ yngri aldurshópa,

og þá sérstaklega meðal ungra karlmannna. Sjálfsvíg eru nátengd þunglyndi og öðrum alvarlegum geðröskunum.

Verkefnið er á vegum landlæknisembættisins, í höndum fagráðs gegn þunglyndi og sjálfsvígum. Samvinna hefur verið við fjölmargra aðila, stjórnendur í heilbrigðiskerfinu, skóla, félagsþjónustu, lögreglu, forsvarsmenn félagasamtaka auk einstaklinga með sérþekkingu á þessum málum.

Áherslur eru tvíþættar; annars vegar er það markmið að auka færni og þekkingu fagfólks á sviði þunglyndis og sjálfsvíga og stuðla að betri tengslum þeirra sem starfa að þessum málum utan og innan stofnana. Hins vegar er það markmið að bæta þekkingu almennings á þunglyndi og sjálfsvígshegðun og um leið að draga úr fordómum. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á slóðinni: <http://www.landlaeknir.is>.

Náms- og starfsráðgjafar gegna lykilhlutverki innan skólanna við skimun þunglyndiseinkenna, miðlun þekkingar um einkenni þunglyndis og upplýsingagjöf um hvert hægt er að leita ef grunur vaknar um þunglyndi hjá unglíngum. Því var það mikilvægt að náms- og starfsráðgjöfum var boðið sérstaklega upp á námskeið um þunglyndi og sjálfsvígsatferli í skóla. Með þessum námskeiðum var verið að ná til þeirra náms- og starfsráðgjafa sem gætu haft áhuga á að vera leiðbeinendur eða taka að sér fyrirlestra um kvíða, þunglyndi og sjálfsvígsatferli innan sinnar stofnunar. Þar sem verkefnið var á landsvísu mætti fagråd þörfum náms- og starfsráðgjafa á landsbyggðinni með sérstökum námskeiðum.

Í lok námskeiðsins voru skilin eftir myndbönd sem hægt er að nota með ráðþegum og diskar með fyrirlestrum um þunglyndi, faraldsfræði og sjálfsvígsatferli sem hverjum náms- og starfsráðgjafa er heimilt að vinna upp úr sína fyrirlestra.

o. Námskeið: Að virkja fólk í breytingum

Endurmenntun framhaldsskólakennara bauð formanni FNS á námskeiðið: Að virkja fólk í breytingum, sem haldið var sérstaklega fyrir formenn fagfélaga.

p. Fundur samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara, formanna fagfélaga, skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara og fulltrúa Félags stjórnenda í framhaldsskólum

Formanni FNS var boðið til árlegs fundar samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara, formanna fagfélaga, skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara og fulltrúa Félags stjórnenda í framhaldsskólum. Dagskrá fundarins laut að fjármálum nefndarinnar, hagnýtum upplýsingum vegna sumarnámskeiða, afrakstri vettvangsnáms leiðsagnarkennara og kynningu á endurmenntunarnámskeiði sem verður haldið skólaárið 2007-08 og verður metið til eininga á MA stigi.

q. Umsókn um tvö Leonardo verkefni

Geta má þess að FNS sótti um tvö verkefni sem styrkt eru af Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. Um er að ræða mannaskiptaverkefni og yfurfærsluverkefni. Mannaskiptaverkefnið eflir hreyfanleika og styrkir fólk til að afla sér reynslu og þekkingar innan síns fagsviðs í öðrum Evrópulöndum.

Yfurfærsluverkefnið miðar að yfurfærslu færni, reynslu og þekkingar milli landa og starfsgreina. Yfurfærsluverkefni gefa þátttakendum tækifæri til að aðlaga og yfurfæra niðurstöður og aðferðir sem hafa verið þróaðar í öðrum verkefnum með það að markmiði að þær niðurstöður nýtist nýjum markhópum og starfsgreinum í fleiri Evrópulöndum.

23. Útrás Félags náms- og starfsráðgjafa

Félag náms- og starfsráðgjafa hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum, málþingum og fundum sem hafa stuðlað að frekari kynningu á náms- og starfsráðgjöf og félaginu í þjóðfélaginu. Það er Félagi

náms- og starfsráðgjafa nauðsynlegt og mikilvægt að taka þátt og sýna frumkvæði í að kynna starf og framlag náms- og starfsráðgjafar. Í þessari útrás getur hver og einn félagsmaður tekið þátt.

a. Vika símenntunar

Vika símenntunar var haldin dagana 24. - 30. september 2006. Menntamálaráðuneytið stendur fyrir Viku símenntunar en Mennt sér um skipulagningu og framkvæmd verkefnisins í samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar nýu á landsbyggðinni og Mími á höfuðborgarsvæðinu.

Vika símenntunar er kynningar- og hvatningarátak og er ætlað að ná út um allt land. Markmið Viku símenntunar er að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi menntunar og þess að ávallt er hægt að bæta við sig þekkingu. Áhersla Viku símenntunar í ár var að ná til fólks sem hefur stutta formlega menntun og hvetja það til þess að sækja sér fræðslu. Átakinu er ætlað að hvetja, styðja og örva almenning til þess að afla sér upplýsinga um hvað í boði er og nýta sér það. Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni og Mímir á höfuðborgarsvæðinu skipulögðu dagskrá í Viku símenntunar þar sem boðið var upp á ókeypis námskeið og ráðgjöf og var almenningur hvattur til þess að nýta sér það.

Sem dæmi um hvernig félagsmenn komu að viku símenntunar má nefna að Berglind Helga Sigurþórsdóttir var með fyrirlestur í Verzlunarskóla Íslands um sjálfsþekkingu og Valgeir Magnússon hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar veitti ráðgjöf varðandi sí- og endurmenntun, starfsval og möguleika á vinnumarkaði. Valgeir veitti jafnframt aðstoð og upplýsingar um námstækni og bauð upp á áhugasviðsgreiningu sem getur auðveldað náms- og starfsval.

b. Greinar í Morgunblaðinu: Efling náms- og starfsráðgjafar á Íslandi og Menntun, mannaúður og náms- og starfsráðgjöf

Tvær greinar birtust í Morgunblaðinu á sumarmánuðum eftir Ágústu E. Ingbórsdóttur og Jónínu Kárdal þar sem þær fjölluðu um náms- og starfsráðgjöf. Þar kom fram að náms- og starfsráðgjöf væri í eðli sínu fyrirbyggjandi starf sem fælist í að liðsinna einstaklingum við að finna hæfileikum sínum og kröftum farveg við hæfi og leita lausna ef vandi stöðjar að í námi eða starfi. Einnig kom þar fram að tryggja þyrfti að nægilegt framboð sé af menntuðum náms- og starfsráðgjöfum á hverjum tíma og styðja við áframhaldandi uppbyggingu meistaranáms í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands.

c. Útvarpsviðtal við Gunnlaugu Hartmannsdóttur, náms- og starfsráðgjafa

Í tengslum við dag náms- og starfsráðgjafar þann 20. október tók Ríkisútvarpið viðtal við Gunnlaugu Hartmannsdóttur, náms- og starfsráðgjafa hjá Námsflokkum Reykjavíkur, í Morgun-útvarpi Rásar 2.

d. Viðtal Morgunblaðsins við formann FNS

Morgunblaðið tók viðtal við Ágústu Ingbórsdóttur, formann FNS á degi náms- og starfsráðgjafar þar sem m.a. kom fram að dagur náms- og starfsráðgjafar væri fyrst haldinn hátíðlegur, þann 20. október árið 2006. Einnig kom þar fram að fjölmargir aðilar hefðu lagt hönd á plóg og efnt til viðburða af þessu tilefni s.s fjölmiðlar, skólar, stofnanir og fræðsluaðilar. Fram kom að Menntamálaráðuneytið, Háskóli Íslands, Kennarasamband Íslands, Vinnumálastofnun, Evrópu- miðstöð náms- og starfsráðgjafar og Heimili og skóli hefðu auk þess styrkt félagið dyggilega og gert því kleift að halda þennan dag hátíðlegan. Dagur náms- og starfsráðgjafar mun verða haldinn hátíðlegur með svipuðu sniði í framtíðinni og vonandi munu sífellt fleiri aðilar taka virkan þátt í honum með ýmsu móti.

e. Útvarpsviðtal við Dr. Mark Savickas

Í tengslum við dag náms- og starfsráðgjafar 20. október var tekið útvarpsviðtal við Dr. Mark Savickas í Morgunútvarpi Rásar 1. Mark Savickas starfar sem prófessor og deildarforseti við sálfræðideild í Læknaskóla Northeastern Ohio University og er einnig prófessor í ráðgefandi sálfræði við Kent State University. Savickas er ritstjóri hins virta tímarits *Journal of Vocational Behavior*.

Mark Savickas er ötull fyrirlesari jafnt á fræðilegum ráðstefnum sem á ráðstefnum sem hafa hagnýtt gildi fyrir náms- og starfsráðgjafa. Hann hefur skrifað um 80 fræðigreinar, 40 bókakafla og haldið um 500 fyrirlestra um starfsþróun og náms- og starfsráðgjöf. Hann hefur einnig ritstýrt eftirtöldum bókum: *Convergence in Career Development Theories* (1994 með R. Lent), *Handbook of Career Counseling Theory and Practice* (1996 með B. Walsh), *Vocational Interests* (1999 með A. Spokane) og *Handbook of Vocational Psychology* (2005, með B. Walsh).

Mark Savickas kom hingað í boði Félags náms- og starfsráðgjafa og MA náms í náms- og starfsráðgjöf við félagsvísindadeild Háskóla Íslands í tilefni af 30 ára afmæli félagsvísindadeildar og degi náms- og starfsráðgjafar.

f. Viðtal Morgunblaðsins við Mark Savickas

Morgunblaðið tók viðtal við Mark Savickas, 17. október í tengslum við fyrirlestur hans um starfsferil og samfélag sem hann flutti í boði félagsvísindadeildar Háskóla Íslands í tilefni af 30 ára afmæli deildarinnar og fyrirlestur á málþingi á degi náms- og starfsráðgjafar í boði FNS.

g. Útvarpsviðtal við formann FNS

Á degi náms- og starfsráðgjafar þann 20. október var tekið útvarpsviðtal við Ágústu Ingþórsdóttur, formann FNS, í þættinum Vítt og breitt.

h. Með S-ið í Strong - Grein í Skólavörðunni, málgagni KÍ

Í 8.tbl. Skólavörðunnar 6. árg. desember 2006 birtist viðtal við Ágústu Elínu Ingþórsdóttur, formann FNS um náms- og starfsráðgjöf, stöðu hennar og þróun í íslensku skólastarfi. Lesa má greinina á eftirfarandi vefslóð: <http://vyre.ki.is/files/filemanager/website336973/file777676.pdf>.

Lokaorð

Starfsemi FNS hefur verið fjölbreytt og viðburðarrík eins og ársskýrslan ber með sér. Efling náms- og starfsráðgjafar skiptir sköpum og tryggir samkeppnishæfni íslensks þjóðfélags. Mikilvæg skref hafa verið stigin til eflingar náms- og starfsráðgjafar. Fyrst má nefna að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur fengið það verkefni að koma á náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum hjá símenntunarmiðstöðvum um allt land og verið er að ráða náms- og starfsráðgjafa í þessi störf. Þarna er komin ný áskorun í hendur náms- og starfsráðgjafa um að ná til enn fleiri einstaklinga og hvetja til símenntunar. Í annan stað kveður 10 punkta samkomulag KÍ og menntamálaráðherra á um að náms- og starfsráðgjöf verði styrkt. Stjórnvöld, í samstarfi við sveitarfélög landsins, þurfa að tryggja starfsgrundvöll náms- og starfsráðgjafar. Lögbinda þarf rétt nemenda til að hafa aðgengi að náms- og starfsráðgjöf, að þeir njóti aðstoðar við náms- og starfsval og að vægi náms- og starfsfræðslu verði aukið. Gæði náms- og starfsráðgjafar haldast í hendur við menntun fagstéttarinnar. Tryggja þarf að nægilegt framboð sé af menntuðum náms- og starfsráðgjöfum á hverjum tíma og styðja við áframhaldandi uppbyggingu meistaranáms í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Til að markmið náms- og starfsráðgjafar nái fram að ganga er jafnframt mikilvægt að almenningur sé upplýstur um að þessi þjónusta sé í boði, hvar hennar sé að leita og hvernig hægt er að nýta sér hana.

Velferð einstaklinga í nútímasamfélagi hvílir á síaukinni almennri menntun og mun þörf fyrir sí- og endurmenntun aukast. Vel ígrundað náms- og starfsval leggur grunninn að ánægjulegum og árangursríkum starfsferli einstaklinga alla ævi. Öflug náms- og starfsráðgjöf getur ráðið miklu um að nemendur geri raunhæfar áætlanir um náms- og starfsval. Því er mjög brýnt að móta heildstæða stefnu í náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu fyrir grunn- og framhaldsskóla. Markviss náms- og starfsfræðsla þarf að standa nemendum til boða frá 1. bekk grunnskóla og allan framhaldsskólann. Í öflugri náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu er lögð áhersla á að einstaklingurinn setji sér markmið í námi og starfi og þekki þá möguleika sem honum standa til

boða. Til að styrkja megi náms- og starfsráðgjöf hjá nemendum í grunn- og framhaldsskólum er nauðsynlegt að allir nemendur þessara skólastiga hafi aðgang að þjónustu menntaðra náms- og starfsráðgjafa. Mjög mikilvægt er að stjórnvöld hugi að heildarstefnumótun og framkvæmdaáætlun í náms- og starfsráðgjöf ef tryggja á öllum grunn- og framhaldsskólanemendum ofangreinda þjónustu.

Til að tryggja megi aðgengi nemenda að faglegri þjónustu menntaðra náms- og starfsráðgjafa þarf að lögvernda starfsheitið náms- og starfsráðgjafi og renna enn styrkari fjárhagsstoðum undir menntun náms- og starfsráðgjafa sem felst í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og framboði á fjarnámi. Náms- og starfsráðgjöf er mikilvægt jöfnunartæki til eflingar menntunar og mannsauðs í dag. Ljóst er að mikil þróun á sér stað í náms- og starfsráðgjöf hér á landi. Þessa sér stað til að mynda í námi í náms- og starfsráðgjöf. Meistaránám í náms- og starfsráðgjöf við félagsvísindadeild Háskóla Íslands er mikið framfaraskref þar sem námið mun auka ennfremur fagþekkingu náms- og starfsráðgjafa auk þess sem rannsóknir munu stórukast á fagsviðinu. Efla þarf náms- og starfsráðgjöf á öllum skólastigum, auka vægi náms- og starfsfræðslu og tryggja aðgengi að náms- og starfsráðgjöf í samfélaginu. Efling náms- og starfsráðgjafar felur m.a. í sér eflingu fagstéttarinnar og er lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa eitt skref í því. Annað skref er að lögfesta starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa með tilliti til nemendafjölda. Staðreyndin í dag er sú að of margir nemendur eru að baki 100% starfshluta náms- og starfsráðgjafa í menntakerfinu sem að gerir það að verkum að ekki er hægt að sinna nægilega þörfum nemenda hvað varðar náms- og starfsráðgjöf, náms- og starfsfræðslu, náms- og starfsval og persónulega ráðgjöf. Ennfremur þarf að efla aðgengi almennings að náms- og starfsráðgjöf sérstaklega í ljósi sí- og endurmenntunar og fullorðinsfræðslu. Náms- og starfsráðgjafar sjá mikil tækifæri í því að aðgengi að náms- og starfsráðgjöf verði eftt - að hún leiði til framfara fyrir einstaklinga og samfélagið í heild. Horfa verður á náms- og starfsráðgjöf sem heild - frá skóla til atvinnulífs, frá æsku til fullorðinsára.

Ég vil, að lokum, þakka öllu því dugmikla fólki sem hefur starfað með mér í stjórn, fræðslunefnd, siðanefnd, kjaranefnd og fagráðum fyrir þeirra framlag og hugmyndir sem og hinum almenna félagsmanni. Öll höfum við átt okkar þátt í því að gera náms- og starfsráðgjöf sýnilegri í þjóðfélaginu á þessu starfsári og skerpa faglega ímynd okkar. Mörg tækifæri hafa gefist á afmælisári til að láta rödd náms- og starfsráðgjafa hljóma svo eftir hefur verið tekið. Margir hafa lagt hönd á plóginn í starfsemi félagsins í vetur og gert það með ánægju þrátt fyrir annríki dagsins. Fyrir það ber að þakka!

Reykjavík, 26. apríl 2007

Ágústa E. Ingbórsdóttir
formaður Félags náms- og starfsráðgjafa